

Nefndarálit

um till. til þál. um að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Með tillögnum er lagt til að stjórnvöld á Íslandi styðji fyrir sitt leyti stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða.

Með ályktun 1/2005 á ársfundi 22.–24. ágúst 2005 samþykkti Vestnorræna ráðið að hvetja stjórnvöld á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi til að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða. Eitt meginmarkmið tillögunnar er að að styrkja bókmenntir þjóðanna með því að hjálpa hæfileikaríkum höfundum að stíga fyrstu skrefin á rithöfundarbrautinni.

Jón Gunnarsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson og Magnús Stefánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 15. mars 2006.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Bjarni Benediktsson.

Drífa Hjartardóttir.

Guðjón A. Kristjánsson.

Jónína Bjartmarz.